



Ljóðasamkeppni Yrkjusjóðs 2017



Hluti verðlauna- og viðurkenningahafa í Ljóðasamkeppni Yrkjusjóðs 2017. F. v. Sana Salah Karim, Álfðís Jóhannsdóttir, Breki Hlynsson, Sigurpór Árni Helgason, Kríá Sól Guðjónsdóttir og Dagmar Ýr Eypórsdóttir. Á myndina vantar Emelíu Óskarsdóttur, sem var farin þegar myndin var tekin og Sóleyju Önnu Jónsdóttur, Leif Jónsson og Ástvald Mateusz Kristjánsson sem gátu ekki mætt á verðlaunafhendinguna (Mynd: HE).

Árið 1990 var bókin Yrkja gefin út í tilefni 60 ára afmælis Vigdísar Finnbogadóttur, þáverandi forseta Íslands. Hagnaður af sölu bókarinnar, ásamt öðrum framlögum, var settur í sjóð, sem stofnaður var tveimur árum síðar, árið 1992. Samkvæmt ósk Vigdísar var sjóðnum fengið það markmið „að kosta trjáplöntun íslenskra skólabarna á grunnskólastigi á ári hverju“, eins og stendur í skipulagsskrá hans. Hefur sjóðurinn sinnt því hlutverki alla tíð síðan og hafa hátt í hundrað skólar sótt um plöntur til sjóðsins á hverju ári undanfarin ár, fyrir um 6-8 þúsund nemendur. Sjóðurinn er

með eigin stjórn, en Skógræktarfélag Íslands hefur umsjón með honum og fer með daglega starfsemi hans.

Í tilefni þess að sjóðurinn fagnar í ár 25 ára afmæli var ákveðið að Yrkjusjóður og Skógræktarfélag Íslands myndu standa fyrir ljóðasamkeppni meðal grunnskólabarna og var bréf með kynningu á samkeppninni sent til allra grunnskóla landsins. Þema samkeppninnar var *Skógurinn minn* og voru verðlaun veitt í tveimur flokkum – miðstigi (5. – 7. bekk) og efsta stigi (8. – 10. bekk).

(framhald á bls. 4)

Græðlingarnir í skógræktinni



Undirrituð átti nú í byrjun sumars í töluverðum samskiptum við erlenda kollega í Evrópu og erlenda aðila að forvitnast um skógrækt. Eitt af því sem töluvert var spurt um var fjöldi félaga í skógræktarfélagunum og hvernig fólk það væri. Skógræktarfélögin í Evrópu eru nefnilega nokkuð

misjafnlega samansett. Sums staðar eru þau frjáls félagasamtök opin almenningi eins og hér, sums staðar eru þau meira stíluð inn á skógareigendur og þá sem vinna í skógariðnaðinum og enn annars staðar eru þau samtök hinna ýmsu aðila skógargeirans – fyrirtækja og stofnana. Fyrir skógræktarfélög sem eru öðruvísi upp byggð en hér á landi er því fróðlegt að vita meira um fólk í félögunum.

Ein spurning kom iðulega upp þegar rætt var um meðlimi skógræktarfélaga og það var á hvaða aldri þeir væru. Það er nefnilega nokkuð í umræðu innan frjálsra félagasamtaka, bæði hérlandis og erlendis, að meðalaldur félaga sé almennt heldur í hærri kantinum. Er það vissulega raunin í skógræktarfélagunum hérlandis. Á 75 ára afmælisári Skógræktarfélags Íslands árið 2005 var farið í gang með átak til að laða fleira fólk í skógræktarfélögin og var í tengslum við það farið í nokkra greiningu á félögunum. Reyndist meðalaldur félaga í skógræktarfélagi þá 57 ár. Sambærileg greining var gerð nú í vor og reyndist meðalaldur félaga þá orðinn 62 ár, þannig að félagarnir eru almennt að eldast. Nú þarf hærri

aldur ekki endilega að vera neikvæður. Eldra fólkíð hefur oft meiri tíma til að sinna skógræktaráhuganum þar sem það þarf minna að snúast í kringum ung börn og þegar fólk fer á eftirlaun hefur það auðvitað marga klukkutíma á dag til að sinna sínum hugðarefnum, sem það hafði ekki áður. Eldra fólkíð býr líka að margvíslegri reynslu sem það yngra gerir kannski síður. En öll félög þurfa endurnýjun til að halda áfram starfsemi og til þess þarf yngra fólkíð. Og því yngra sem hægt er að kveikja skógaráhugann, því betra.

Í mörgum löndum Evrópu, þar sem skógar eru útbreiddari en hér og skógarhefðir eldri og meiri, er markvisst unnið að „skógaruppeldi“. Útinám, allt frá leikskólum, fer fram í skógum, haldnir eru skógardagar fyrir skólakrakka í hefðbundnum skólum, árlega er haldin alþjóðakeppni nema í fróðleik um skóga og stöðugt er verið að framleiða kennslu – og fræðslufni fyrir börn og unglinga, bæði til að hafa úti í skóginum og til að grúska í á vefnum. Þar eru heilar kynslóðir sem aldar eru upp við skóga til nytja og yndis. Hér á landi erum við komin heldur styttra á veg, enda ekki svo langt síðan að skógarnir okkar uxu – bókstaflega – úr grasi. Íslensk börn í dag verða líklega fyrsta kynslóðin hérlandis sem á kost á slíku skógaruppeldi. Það er á ábyrgð okkar fullorðna skógræktarfélksins að sjá til þess að það tækifæri sé nýtt. Að við hlúum að litlu græðlingunum okkar svo upp vaxi hér kynslóð fólks sem lítur á skóga sem ekki bara sjálfsagðan heldur nauðsynlegan hluta af tilverunni.

Ragnhildur Freysteinsdóttir
ritstjóri

Laufblaðið

Fréttablað, 26. árgangur, 2. tölublað 2017.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:

Ragnhildur Freysteinsdóttir
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2016:

Magnús Gunnarsson formaður
Sigrún Stefánsdóttir varaformaður
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir gjaldkeri
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari

Meðstjórnendur:

Guðbrandur Brynjúlfsson
Páll Ingþór Kristinsson
Þuríður Yngvadóttir

Varamenn:

Kristinn H. Þorsteinsson
Laufey B. Hannesdóttir
Sigríður Heiðmundsdóttir

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skógræktarfélags
Íslands



Netfangaleikur Laufblaðsins

Að venju var efnt til Netfangaleiks Laufblaðsins í vor, en allir félagsmenn skógræktarfélaga sem skráðir voru með virkt netfang voru með í pottinum og áttu möguleika á að vinna kr. 7.500, sem komu sér vonandi vel í ræktunarstarfinu.

Þrjú netföng voru dregin út þann 15. maí. Vinningshafarnir að þessu sinni voru Ingimar Ingimarsson, Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar, Anna Helga Tryggvadóttir, Skógræktarfélagi Eyfirðinga

og Erla Ólafsdóttir, Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Óskar Laufblaðið þeim til hamingju með vinninginn!

Félagsmönnum skógræktarfélaga er bent á að passa upp á að skráð sé virkt netfang svo að Laufblaðið skili sér til þeirra. Vorið 2018 verður aftur blásið til leiks og þá er eins gott að vera skráður til að eiga möguleika á vinningi! Skrá má netfang eða athuga með skráningu í síma 551-8150 eða á netfangið rf@skog.is.

Viðarvinnsla hjá Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar

Nú í maí hófst viðarvinnsla hjá Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar. Ágúst Hálfðánarson, stjórnarmaður í félaginu, hefur nýlega fjárfest í einfaldri flettsög, Farmers Sawmill frá fyrirtækinu Logosol. Sögin er rafmagnsdrifin keðjusög með góðu landi og hæðarstillingu. Hún hentar vel í minni verkefni t.d. hjá skógræktarfélögum eða einstaklingum sem hafa áhuga á að nýta timbur sem fellur til í skóginum. Efnið sem flett var fyrsta daginn verður meðal annars nýtt til að útbúa borð og bekkir á útivistarsvæðum félagsins. Einnig stendur til að nýta efnið til smíða á leikföngum eða n.k. upplifunar skúlptúrum. Stjórnin er afskaplega ánægð með þetta nýja skref í sögu félagsins. Meðfylgjandi myndir sýna sögina í notkun og hluta af því efni sem varð til þennan fallega dag í maí.



Björn Traustason, Ágúst Hálfðánarson og Albert Skarphéðinsson við afraksturinn (Mynd: Bjarki Þór Kjartansson).



Sögin í notkun. Ívar Örn Þrastarson stýrir söginni, en Albert Skarphéðinsson, Árni Guðmundsson, Runólfur Skaftason og Ágúst Hálfðánarson fylgjast með (Mynd: Bjarki Þór Kjartansson).



Ágúst Hálfðánarson og Björn Traustason fylgjast með Albert Skarphéðinssyni vinna við sögina (Mynd: Bjarki Þór Kjartansson).

Ljóðasamkeppni Yrkjusjóðs 2017

(f.h. frá forsiðu)

Vinningsljóð 8. – 10. bekkur

Haust

Ég sveif upp í rjóður,
andaði að mér ilmi trjáanna.
Ég hljóp framhjá krökkum að ærslast,
hló með þeim er hár þeirra fauk til.
Ég fór út til regnsins og hjálpaði því að vökva blómin.
Þegar nóttin kom faldi ég mig í skóginum og lék mér þar.
„Ég er Golan,“ hvíslaði ég til laufanna áður en ég vaggaði þeim í svefn.

Sóley Anna Jónsdóttir



Sérstök viðurkenning 5. – 7. bekkur

Ljóð

Ein morgun vaknaði ég
og það var allt í einu skógur
í garðinum mínum.

Ég fór inn í skóginn
og fann kristala.
Ég tók kristalana heim.

Þegar ég lagði þá á borðið hurfu þeir.
Svo þegar ég fór út
hvarf skógurinn líka.

Ástvaldur Mateusz Kristjánsson, Grunnskólanum á Þingeyri

Mjög góð þátttaka var í samkeppninni, en alls bárust rúmlega 450 ljóð. Dómnefnd skipuð Sigurði Pálssyni, formanni Yrkjusjóðs, Sölva Birni Sigurðssyni rithöfundu og Þóru Grímsdóttur kennara fór yfir ljóðin og valdi vinningshafa. Til að gæta fyllsta hlutleysis fékk dómnefnd ekki að vita nafn höfundar, né frá hvaða skóla viðkomandi var, fyrr en búið var að velja ljóðin.

Verðlaun í samkeppninni voru veitt við hátíðlega athöfn í sal Garðyrkjufélags Íslands þriðjudaginn 23. maí. Sigurljóðið fyrir miðstig var ljóðið *Tónaskógur* eftir Álfðisi Jóhannsdóttur, 5. bekk í Breiðagerðisskóla, en að mati dómnefndar þótti skemmtilega óvenjulegt að tengja náttúruna við tóngjafa og tóna. Fyrir efsta stigið bar ljóðið *Haust* eftir Sóleyju Önnu Jónsdóttur, 8. bekk í Hrafnagilsskóla, sigur úr býtum og þótti dómnefnd geislandi gáski einkenna ljóðið, sem endaði í friðsælli værð. Dómnefnd ákvað að veita að auki sérstaka viðurkenningu fyrir sjö ljóð til viðbótar, fimm á miðstigi og tvö á efsta stigi, sem þóttu sérlega áhugaverð. Það var virkilega gaman að sjá hversu mörg frumleg og áhugaverð ljóðskáld er að finna í grunnskólum landsins og gefur það góð fyrirheit fyrir framtíðina.

Allir krakkar sem sendu inn ljóð fengu send viðurkenningarskjöl með þökk fyrir þátttökuna og gaf prentsmiðjan Oddi prentun á þeim, sem og á skjölum fyrir verðlauna- og viðurkenningahafa.

Vinningsljóð 5. – 7. bekkur

Tónaskógur

Skógurinn er fagur.
Það er eins og hann syngi.
Tónarnir streyma upp og niður
trommusláttur þegar vatnið skvettist,
hörputónar þegar greinarnar hreyfast
bjöllur klingja þegar lafin falla
og kórinn byrjar þegar grasið vex.

Álfðis Jóhannsdóttir



Haustið

Laufblöðin féllu í gríð og erg.
Í öllum regnbogans litum.
Ég gekk minn vana veg.
Fram hjá gamla turninum
og upp að gamla flugvélabrakinu.
Í bakaleiðinni hitti ég mann.
Hann var í rifnum fötum.
Með rottu um hálsinn.

Sigurþór Árni Helgason, Hvolsskóla

Ímyndunarskógurinn minn

Ég geng í skóginum mínum.
Ímyndunarskóginum mínum.
Í staðinn fyrir lauf,
falla minningarnar mínar.
Ég get gert hvað sem er,
ég get breytt heiminum,
þyngdarkraftinum,
og gefið mér sjálfum nýtt líf.

Breki Hlynsson, Hofsstaðaskóla

Ævintýraskógurinn

Í ævintýraskóginum geta trén talað,
dýrin sungið og blómin dansað.
Þar er líka góður galdramaður sem
ræktar tré.
Enginn þorir inn í skóginn nema ég.
Ég hef hlustað á þúsund ára sögur trjáanna.
Þau hlusta á mig og ég hlusta á þau.
Ég segi þeim öll mín leyndarmál.

Emelía Óskarsdóttir, Grunnskóla Seltjarnarness

Skógurinn minn

Einu sinni varstu bara eitt tré.
En svo fékkstu vini í heimsókn.

Leifur Jónsson, Hofsstaðaskóla

Sérstök viðurkenning 8. – 10. bekkur

Unglingurinn


Skógurinn hefur hjarta
sem eyru mannsins heyra ekki slá.
Samt er það raunverulegt.
Slær
rétt eins og hjarta mannsins.

Í skóginum er rjóður.
Þar dvel ég
þegar myrkrið ofsækir mig eins og kötturinn
sem eltir músina.
Ég vona að birtan
skíni brátt
í gegnum langar, grannar greinar
trjáanna.

Ég vex og dafna
en öðlast aldrei
viskuna
sem þúsund ára trén geyma í rótum sínum.
Engir viskubrunnar geta gefið mér það sem trén
eiga.

Ég geng meðfram læknum í von
um að heyra
slátt
þess sem ég leita.
Hjarta skógarins.

*Kría Sól Guðjónsdóttir og Dagmar Ýr Eypórsdóttir,
Lágafellsskóla*



Heimkoma

Fjarvera þín gnæfir,
hún gnæfir yfir hæstu trjákrónum.
Laufin farin að blikna
og dagstjarnan lögst í dvala.

Snær sem leggst yfir gulleitan gróðurinn
eins og ábreiða.
Kuldi sem virðist aldrei ætla
að taka enda.

En

Ný lauf, iðjagræn
taka að myndast.
Greinar teygja sig fram
eins og opnir armar.



Og loks,
bráðnar allur snærin
undan brosi þínu.
Þú snerir aftur heim.

Sana Salah Karim, Lindaskóla

Menning í Hellisskógi

Það var ýmislegt í gangi í Hellisskógi við Selfoss nú í júní. Þann 17. júní voru tónleikar í skóginum með Daða Frey Júróvisjón keppanda (myndir t. h). Tókust tónleikarnir vel og mættu yfir 200 manns á þá. Tónleikarnir voru haldnir í samvinnu við Sveitarfélagið Árborg, en það var ungmennaráð Árborgar sem stakk upp á því að halda tónleikana í skóginum, sem sýnir að unga fólkíð sér ný tækifæri í skóginum. Daginn eftir var svo haldin skógarmessa, þar sem sr. Guðbjörg Arnardóttir gekk um skóginn, stoppaði á vel völdum stöðum og flutti hugvekju (mynd að neðan). Lauk göngunni við Hellinn, sem skógurinn er kenndur við, þar sem hellt var upp á skógarkaffi fyrir messugesti. Góður rómur var gerður að messunni, en tæplega 30 manns mættu í hana. Höfðu nokkrir gestanna ekki komið í skóginn áður og voru mjög hissa á þessari útivistarperlu við bæinn.

(Myndir t. h. Vilborg Eiríksdóttir; mynd að neðan Björgvin Eggertsson).



Tré ársins 2017

Tré ársins 2017 var útnefnt við hátíðlega athöfn laugardaginn 29. júlí og er það beykitré (*Fagus sylvatica*), sem stendur í Hellisgerði í Hafnarfirði.

Beyki er algengt skógartré í Evrópu og hefur viður þess verið nýttur á marga vegu, meðal annars til húsa- og húsgagnagerðar og í ýmsan húsbúnað en einnig þykir beyki góður eldiviður. Beyki þarf hlýtt og langt sumar og vex því almennt takmarkað á Íslandi, en er þó lífseigt og getur lifað lengi sem lítið tré eða runni. Í Hellisgerði má finna fjögur beykitré, sem gróðursett voru fyrir 90 árum, þá einhverra ára gömul, svo Tré ársins 2017 getur verið hátt í hundrað ára gamalt.

Athöfnin hófst á því að Andrés Þór Gunnlaugsson gítarleikari og Sigurður Flosason saxófónleikari fluttu nokkur vel valin lög. Því næst var gengið að trénu þar sem Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, flutti ávarp og afhenti svo viðurkenningarskjal af þessu tilefni. Tóku Guðlaug Kristjánsdóttir, forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar, og Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæjar, við skjalinu fyrir hönd bæjarins og sagði Guðlaug því næst nokkur orð. Næstur tók til máls Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA, sem er styrktaraðili Trés ársins. Að því loknu var komið að mælingum á trénu og sá Brynjólfur Jónsson, frá Skógræktarfélagi Íslands, um það. Reyndist þvermál trésins í brjósthæð vera 132 cm og hæð þess 9,05 m. Formlegri dagskrá lauk svo með veitingum í boði IKEA og tónlist frá þeim Andrési Þór og Sigurði. Nutu gestir athafnarinna, enda blíðskaparveður og margt annað áhugavert að sjá í Hellisgerði.



Tré ársins 2017 (Mynd: RF).

Skógræktarfélag Íslands útnefnir árlega Tré ársins. Er útnefningunni ætlað að beina sjónum almennings að því gróskumikla starfi sem unnið er um land allt í trjá- og skógrækt og benda á menningarlegt gildi einstakra trjáa um allt land.



Guðlaug Kristjánsdóttir og Haraldur Haraldsson taka við viðurkenningarskjali fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar, frá Magnúsi Gunnarssyni (t. v.), formanni Skógræktarfélags Íslands (Mynd: RF).



Vel var mætt á útnefninguna á Tré ársins 2017, enda veður einmuna gott og mjög fallegt um að lítast í garðinum í Hellisgerði (Mynd: RF).

Kennsla á keðjusög

Eins og fram kemur í annarri frétt í blaðinu er Skógræktarfélag Íslands með fimm sjálfbóðaliða á vegum European Voluntary Service (EVS) á sínum snærum nú í sumar. Það eru ýmis verk sem vinna þarf í skógum félagsins og því ýmis verk sem sjálfbóðaliðarnar þurfa að læra. Stuttu eftir komu þeirra til landsins nú í maí fengu þau sína fyrstu kennslu í notkun keðjusaga og var nýtt tækifærið þegar fella þurfti nokkrar aspir í garði til að gefa þeim sýnikennslu og leyfa þeim að spreyta sig aðeins á keðjusöginni.

Efniviðurinn sem til féll verður svo nýttur í ýmislegt, meðal annars til að smíða borð og bekkir sem settir verða upp í skógum Skógræktarfélagsins.

Efst t. h. Áhringir trésins skoðaðir af sjálfbóðaliðunum. Samkvæmt talningu þeirra var tréð um 30 ára gamalt og passaði það ágætlega við upplýsingar eigenda um hvenær trén voru gróðursett (Mynd: RF).

Mið. t. h. Sjálfbóðaliðarnir hjálpuðu til við að hreinsa til eftir fellinguna - tína frá og stafla upp greinunum sem kvistaðar voru af og velja úr þeim gildari greinar til smíða síðar. Einnig fengu þau að prófa að afkvista trén með keðjusöginni, en aðeins eitt þeirra hafði áður handleikið keðjusög (Mynd: RF).

Neðst t. h. Hæð trjáanna var mæld eftir að búið var að fella þau. Hér mæla Einar Gunnarsson, starfsmaður Skógræktarfélags Íslands, og Zuzana frá Tékklandi eitt tréð, undir vökulu auga hins spænska Borja. Tréð reyndist tæpir 15 m á hæð og voru öll trén sem felld voru um 14-15 m há (Mynd: RF).



Ganga til skógar

Það eru ýmis erindin sem berast Skógræktarfélagi Íslands. Í vor hafði samband við skrifstofu félagsins franskur útivistarmaður, Nicolas Mathys að nafni, sem stefndi að göngu þvert yfir Ísland með félaga sínum Theo Willemaet, frá norðri til suðurs. Vildi hann gjarnan láta eitthvað gott af sér leiða með ferðinni og fékk þá góðu hugmynd að styðja við skógrækt hérlandis. Niðurstaðan varð sú að ferðin hans verður „Walk for Reforestation“ – Ganga til skógar, þ.e. þeir félagar safna áheitum þannig að fyrir hvern kílómetra sem þeir ganga verði Skógræktarfélagið styrkt til gróðursetningar tiltekins fjölda plantna. Nánari upplýsingar, fyrir þá sem vilja kynna sér ferðalag þeirra félaga eða styrkja við verkefnið, má finna á heimasíðu verkefnisins: <https://www.ulule.com/a-travers-les-highlands/>. Nicolas er einnig með blogg-síðu þar



sem hægt er að fylgjast með: <https://wayfaring-stranger.com/> sem og á Facebook síðu hans: <https://www.facebook.com/wayfaringstrangerdiaries/>.

Fagraðstefna skógræktar 2017

Hin árlega fagraðstefna skógræktar var haldin í Hörpu í Reykjavík dagana 22. – 24. mars. Yfirskrift ráðstefnunnar að þessu sinni var „Með þekkingu ræktum við skóg“, en þetta var jafnframt afmælisráðstefna Rannsóknastöðvar skógræktar á Mógilsá, sem fagnar fimmtíu ára afmæli í ár. Fjölluðu fyrirlestrar ráðstefnunnar um skógræktarrannsóknir fyrr og nú. Auk fyrirlestra og veggspjalda í Hörpu var boðið upp á heimsókn til Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá.



Að ofan. Jonas Rönnberg, prófessor í skógfræði við Sænska landbúnaðarháskólann, flutti inngangsfyrirlestur ráðstefnunnar, þar sem hann fjallaði um hinar ýmsu hliðar skógræktarrannsókna á Norðurlöndunum, þar á meðal fjármögnun, megin áskoranir og þróun og helstu framtíðarhorfur (Mynd: RF).

T. v. Aðalsteinn Sigurgeirsson, fagmálastjóri Skógræktarinnar og fyrrverandi forstöðumaður Rannsóknastöðvar skógræktar á Mógilsá, leiðir ráðstefnugesti um skóginn í Esjuhlíðum ofan við Rannsóknastöðina, en þar kennir ýmissa trjátegunda (Mynd: RF).

Sjálfbóðaliðar hjá Skógræktarfélagi Íslands

Skógræktarfélag Íslands hefur undanfarin tvö sumur verið gestgjafi sjálfbóðaliða sem koma hingað undir hatti *European Voluntary Service* (EVS), sem er hluti Erasmus+ verkefnis Evrópusambandsins, en innan EVS verkefnisins getur ungt fólk gerst sjálfbóðaliðar í nokkra mánuði upp í ár. Komu fyrstu sjálfbóðaliðarnir til félagsins sumarið 2015 og voru fimm mánuði hjá félaginu, frá maí út september.

Nú er fimm manna sjálfbóðaliðateymi sumarsins 2017 mætt til Skógræktarfélags Íslands, en að þessu sinni koma sjálfbóðaliðarnir frá Ítalíu, Spáni, Póllandi og Tékklandi. Sinna sjálfbóðaliðarnir ýmsum verkefnum hjá félaginu, svo sem gróðursetningu, stígagerð og almennri umhirðu í skógum félagsins og einstakra aðildarfélag þess.

Leiðbeinendur og sjálfbóðaliðar hittust á Elliðavatni þar sem gafst tækifæri til að spjalla saman og kynnast aðeins. Því næst var haldið út í skóga Heiðmerkur, þar sem farið var í leiki og grillað og að sjálfsögðu haldið áfram að spjalla saman! (Myndir: RF).



Fundur skógræktarfélaganna í Evrópu

European Forest Network (EFN) eru óformleg samtök skógræktarfélaganna í Evrópu og er markmið þeirra að skiptast á upplýsingum um skógrækt í viðkomandi löndum og efla tengsl milli aðildarfélaganna. Aðildarlönd skiptast á að halda árlegan fund samtakanna og var fundurinn í ár haldinn í Regensburg í Þýskalandi, í boði Þýska skógræktarfélagsins (Deutscher Forstverein), í tengslum við aðalfund félagsins.

Þýska skógræktarfélagið stóð fyrir aðalfundi sínum dagana 17. - 22. maí, en sá fundur er haldinn annað hvert ár og voru um 1.200 manns mættir á fundinn. Fundur EFN hófst hins vegar fimmtudaginn 18. maí og stóð fram til sunnudagsins 21. maí. Fengu fulltrúar þeirra landa sem mætt voru að taka þátt í nokkrum viðburðum aðalfundarins, meðal annars tveimur skoðunarferðum, hátíðarsamkomu þann 18. maí og Hubertus-messu („skógarmannamessu“) í dómkirkjunni í Regensburg þann 19. maí. Að venju fluttu svo fulltrúarnir erindi um það helsta í starfsemi viðkomandi félags og það nýjasta í skógrækt viðkomandi lands. Mættir voru fulltrúar frá Eistlandi, Finnlandi, Íslandi, Litháen, Póllandi, Svíþjóð, Ungverjalandi og Þýskalandi.



Að ofan. Vöxtulegur skógur í einkaeigu í nágrenni Wald-münchen. Ef vel er að gáð má sjá Einar Gunnarsson, starfsmann Skógræktarfélags Íslands, standa við eitt tréð hægra megin og má af því ráða hæð trjáanna (Mynd: RF).

T. v. að ofan. Heimsóttur tilraunaskógur í nágrenni Freising. Hér var sett út tilraun með greni árið 1974 sem miðaði meðal annars að því að prófa mismunandi grisjun í þéttum skógi og áhrif þess á viðarvöxt og gæði og endurnýjun í skóginum (Mynd: RF).

T. v. að neðan. Mart Kelk frá Skógræktarfélaginu í Eistlandi segir frá því helsta í starfsemi félagsins og því sem það glímir við (Mynd: RF).

Að neðan. Hornasveit skógarmanna spilar við Hubertus-messu í dómkirkjunni í Regensburg (Mynd: RF).





Gestgjafar Aðalfundar Skógræktarfélags Íslands: Skógræktarfélag S-Pingeyinga

Skógræktarfélag S-Pingeyinga var stofnað á Húsavík 19. apríl 1943. Félagið hefur fimm starfandi deildir sem eru Skógræktarfélag Fnjóskdæla, Húsavíkur, Svalbarðsstrandar, Reykdælinga og Reykhverfinga, en einnig er hægt að vera með beina aðild að félaginu. Fjöldi félaga var 213 í lok árs 2016.

Skógræktarfélag S-Pingeyinga hefur tvö svæði til umsjónar; Fossselsskóg, sem liggur vestan megin í Fljótshéiði við Skjálfandafljót og Hjallaheiði, sem er í landi Hjalla í Reykjadal. Árið 1960 tók félagið helming Fossselsskógar á leigu af Skógrækt ríkisins og sex árum síðar allan skóginn eða um 90 hektara lands. Mest hefur verið plantað þar af rauðgreni, lerki, blágreni og stafafuru. Í skjóli skógarins vex berjalyng og sveppir. Markvisst hefur verið unnið að því að gera skóginn aðgengilegan sem útivistarsvæði fyrir almenning. Merktir göngustígar eru í skóginum og tvö upplýsingaskilti; annað með upplýsingum um eyðibýlið Fosssel, við veginn framan við það, og hitt við inngang skógarins, sem er með yfirlitsmynd af skóginum. Þá er upplýsingamappa í Geiraseli, litlu timburhúsi í skóginum, um ýmislegt er viðkemur eyðibýlinu Fosseli og skóginum. Þá er borð er kvenfélögin á svæðinu gáfu við svokallaða Kvinnabrekku neðst í skóginum þar sem gott er að á. Eins er tilvalið að nýta sér aðstöðuna í Geiraseli er Friðgeir Jónsson, starfsmaður Skógræktarinnar og skógarbóndi, reisti. Nú síðustu árin hefur sífellt meir verið lagt upp úr grisjun, en einnig eru tekin jólatré til sölu úr skóginum.

Allt frá árinu 1995 hefur Skógræktarfélagið haft landspildu úr landi Hjalla í Reykjadal á leigu



Góður starfshópur núverandi og fyrrverandi stjórnarmanna í Skógræktarfélagi S-Pingeyinga ásamt mökum fá sér hressingu við Geirasel eftir vel unnin störf (Mynd: APG).

af ríkinu. Síðar var gengið frá leigusamningi á heiðarlandi Hjalla, sem er 613 hektara svæði. Í framhaldi af því var félaginu veitt leyfi til stofnunar lögbýlisins Hjallaheiði en það er það svæði sem félagið hefur til umsjónar. Í Hjallaheiði var plantað í um 90 hektara svæði samkvæmt samningi við Landgræðsluskógaverkefnið og var gróðursetningu í það lokið fyrir þremur árum. Árin 2008-2015 var svo plantað í um 70 hektara svæði á vegum Norður-landsskóga.

Nú síðustu helgina í ágúst er Skógræktarfélag S-Pingeyinga búið að taka að sér að halda Aðalfund Skógræktarfélags Íslands. Verður fundurinn haldinn í Stórutjarnaskóla dagana 25. – 27. ágúst og hefur félagið leitað eftir samstarfi við skógræktarfélögin í Þingeyjarsýslu um undirbúning og dagskrá fundarins. Viljum við bjóða ykkur hjartanlega velkomin til fundarins!

*Fyrir hönd stjórnar Skógræktarfélags S-Pingeyinga
Agnes Þórunn Guðbergsdóttir formaður*

Nánari upplýsingar um fundinn má finna á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands – www.skog.is.

Það er að ýmsu að huga í skógum skógræktarfélaganna og mikilvægt mál þar er aðgengi að skógunum. Hér er verið að leggja nýjan göngustíg í Fossselsskógi (Mynd: APG)



Skógarleikar 2017

Skógræktarfélag Reykjavíkur stóð fyrir þriðju Skógarleikunum í Furulundi í Heiðmörk laugardaginn 1. júlí. Á leikunum var keppt í ýmsum skógargreinum, svo sem eldiviðarhöggi, trjáfellingu, afkvistun trjábola, bolarúlli, trjáklifri og axarkasti, en að keppni lokinni fengu gestir að spreyta sig á axarkastinu. Einnig var sýning á bolahöggi.

Fyrir utan keppnina var ýmislegt í boði fyrir gestina – upplifunarganga um skóginn undir leiðsögn Ólafs Oddssonar, yngri gestirnir fengu að spreyta sig í tálgun undir leiðsögn og hægt var að fylgjast með eldsmiði að störfum. Í skógarrjóðri var svo teepee-tjald, þar sem hægt var að kjarna sig undir seiðandi stemmningu. Einnig var boðið upp á kynningu á Skógræktarfélaginu og skógar-námi í Landbúnaðarháskóla Íslands. Gestum var einnig boðið í grillveislu, þar sem skógarbrauð á priki, pylsur og annað góðgæti var grillað og boðið var upp á saft og rjúkandi ketilkaffi.

Mjög góð mæting var á skógarleikana og skemmtu gestir sér vel við að fylgjast með keppninni, fá sér hressingu og njóta útiverunnar í góða veðrinu.



Að ofan. Keppni í að kljúfa eldivið í fullum gangi. Hér eru það þær Helle og Sveinbjörg sem munda axirnar, en takmarkið var að kljúfa tvo kubba í fernt á sem stystum tíma (Mynd: RF).



Að ofan. Einungis tveir kepptu í trjáklifri, þeir Þorsteinn Haraldsson og Orri Freyr Finnbogason, enda sérhæfð grein sem fæstir skógarmenn hafa fengið góða þjálfun í. Hér gildi að vera sem fljótastur upp að borðanum. Var klifrað tvisvar upp og gildi betri tíminn og reyndist Þorsteinn fljótari nú (Mynd: RF).



Að ofan. Það var góð stemmning í teepee-tjaldinu (Mynd: RF).



Neðst t. v. Gestir á öllum aldri prófuðu að grilla skógarbrauð á priki yfir varðeldi (Mynd: RF).

Neðst t. h. Keppt í afkvistun trjábola. Sigurvegari var sá sem var fljótastur að saga kvistina af, sem næst bolnum, en refsistig (meiri tími) voru gefin ef kvistir stóðu of langt út eftir sögun (Mynd: RF).

Friður í Mosfellsbæ

Indverski friðarsinninn Sri Sri Ravi Shankar var á ferð á Íslandi og kom meðal annars við í Meltúnsreitnum í Mosfellsbæ, en reiturinn er samvinnuverkefni Skógræktarfélags Mosfellsbæjar og Mosfellsbæjar. Gróðursetti hann myndarlega ilmreyniplöntu við þetta tækifæri.

(Mynd: Kristín Davíðsdóttir).



Skátar hjálpa til í Slögu

Stærsta skátamót Íslandssögunnar stendur yfir dagana 25. júlí til 2. ágúst nú í ár, en yfir 5.000 skátar frá 95 löndum taka þátt í alþjóðlega skátamótinu World Scout Moot. Á fyrri hluta mótsins er þátttakendum skipt á ellefu miðstöðvar víðs vegar um landið og meðal þess sem skátarnir fást við í tengslum við mótið er sjálfböðavinna fyrir hina ýmsu aðila á þessum miðstöðvum.

Ein slík miðstöð er á Akranesi og komu hópar skáta til að vinna í svæði Skógræktarfélags Akraness í Slögu í Akrafjalli dagana 26. og 27. júlí. Komu tveir um fimmtán manna hópar hvorn daginn, annar hópurinn fyrir hádegi og hinn eftir hádegi og unnu því alls um 60 skátar í skógræktinni. Voru skátarnir af ýmsum þjóðernum – frá hinum ýmsu Evrópulöndum, Brasilíu, Mexíkó, Hong Kong og fleiri löndum. Fæstir skátanna voru vanir skógarvinnu, en voru fljótir og viljugir að læra og óhræddir við að óhreinka sig. Unnu hóparnir frábærlega við að gróðursetja birki og reynivið, grisja úr sér spröttinn víði við þjóðveginn, setja niður ræsi og grafa ræsissskurði og klippa njóla.



Grafinn ræsissskurður (Mynd: Jens B. Baldursson).



Allt á fullu í gróðursetningu (Mynd: Jens B. Baldursson).

Að ofan. Unnið að grisjun á víði. Eins og sjá má á neðri myndinni var afraksturinn töluverður, enda vinna margar hendur létt verk (Myndir: Jens B. Baldursson).

Ýmislegt í gangi hjá Skógræktarfélagi Kópavogs

Aðalfundur Skógræktarfélags Kópavogs var haldinn nú í apríl og var þá farið yfir það helsta sem félagið hefur fengist við undanfarin ár. Gróðursett hefur verið í Selfjall, Selhól, Vatnsendaheiði, Guðmundarlund og að Fossá í Hvalfirði, en meðal annars er búið að planta um 40.000 plöntum í Selfjall. Einnig hefur verið grisjað í Guðmundarlundi og að Fossá, sem gefið hefur af sér kurl. Félagið hefur einnig verið með jólatrjáasölu og hafa tröpputré (lítil tré sem höfð eru úti á tröppum eða við inngang að húsum) verið mjög vinsæl.

Margar hendur þarf til að vinna öll þessi verk og hafa margir komið þar að, en til dæmis þá voru allt að fjörutíu manns sem höfðu tímabundna vinnu við skógrækt hjá félaginu árið 2016. Félagið er með samning við Kópavogsbæ um vinnu fyrir ungmenni 18 ára og eldri og aðila sem Félagsþjónustan í Kópavogi er að aðstoða, sem fallið hafa af atvinnuleysiskrá eða fá ekki vinnu á almennum markaði og munu 25 einstaklingar starfa hjá félaginu í sumar.

Á aðalfundinum var einnig kjörin ný stjórn. Í stjórninni sitja nú Bernhard Jóhannesson formaður, Ólafur Wernersson varaformaður, Gísli Óskarsson gjaldkeri og Bragi Michaelsson ritari, en meðstjórnendur eru Karl M. Kristjánsson, Kristján Jónasson og Hannes Siggason. Aðal áhersla nýrrar stjórnar er að fjölga félögum, auka notkun á Guðmundarlundi og halda uppi öflugri



Gamli bústaður Guðmundar Jónssonar, stofnanda BYKO, í Guðmundarlundi (Mynd: Jónína Laufey Jóhannsdóttir).

fræðslustarfssemi með fræðslukvöldum næsta vetur.

Með fjölgun félaga styrkist öll starfssemi félagsins. Þeir sem lokið hafa starfsævi sinni eiga athvarf í Guðmundarlundi og skóginum, sér til heilsubótar með gönguferðum og útivist, ásamt öllum þeim sem unna útivist í fögru umhverfi. Eins og fjölmargir vita gaf Guðmundur H. Jónsson, stofnandi BYKO, félaginu allar eignir á landi sem hann hafði leigt í Vatnsendalandi og félagið hefur nefnt Guðmundarlund. Þar er í dag vistlegt útivistarsvæði opið almenningi, með grillaðstöðu á fjórum stöðum. Nánar má kynna sér lundinn á heimasíðu Skógræktarfélags Kópavogs – www.skogkop.is

Skógrækt undir Jökli



Á svæði Skógræktar- og landverndarfélagsins undir Jökli má finna miklar breiður lúpínu, eins og sjá má. Félagar þar hafa unnið að því að láta lúpínuna víkja fyrir öðrum gróðri og má hér sjá (t. v.) hvar verið er að koma staurum fyrir til að afmarka svæði þar sem klippa á lúpínuna. Á myndinni til hægri má svo sjá árangur af klippingu lúpínu í fyrra, einungis örfáar komu upp aftur og annar gróður allur að koma til og landið frjósamt og tilbúið til gróðursetningar.

(Myndir: Lydia Rafnsdóttir)..

Grisjun hjá Skógræktarfélagi Skilmannahrepps

Í vor var farið í grisjun á hluta Álfholtsskógar, skógar Skógræktarfélags Skilmannahrepps. Var þar um að ræða asparreit. Voru aspirnar settar niður fyrir um aldarfjórðungi, þá nokkuð þétt, og var sannarlega kominn tími á að grisja, enda trén orðin um 10 m há.

(Myndir: Bjarni Þóroddsson).



Sumarhátíð í Guðmundarlundi

Skógræktarfélag Kópavogs, í samstarfi við bæjarstjórn Kópavogs, hélt sumarhátíð fyrir eldri borgara í Guðmundarlundi þann 25. júlí. Auk ávarpa frá Bernhard Jóhannessyni, formanni Skógræktarfélags Kópavogs og Ármanni Kr. Ólafssyni, bæjarstjóra Kópavogsbæjar, var nýr púttvöllur vígður og voru margir sem nýttu strax tækifærið til að prófa völlinn. Boðið var upp á hressingu við harmonikkuleik. Vel var mætt á hátíðina, á milli sextíu og sjötíu manns og tókst hún með ágætum, enda veður gott til útivistar.

T. h. að ofan: Eins og sjá má er nýi púttvöllurinn stórglæsilegur og á eflaust eftir að vera mikið nýttur, enda gott skjól í Guðmundarlundi og hægt að njóta þar útivistar alltið árið um kring.

T.h. að neðan: Hátíðargestir nutu útiverunnar, enda veður gott og aðstaða í Guðmundarlundi mjög góð.

(Myndir: Bernhard Jóhannesson).



Barnahornið - lausn gátu í 1. tbl. Laufblaðsins 2017



Skjól í Tröð

Sjálfboðaliðar á vegum European Voluntary Service hafa meðal annars unnið í skógum nokkurra aðildarfélaga Skógræktarfélags Íslands. Nú í júlí voru þau að vinna í tvær vikur á Snæfellsnesi, á Hellissandi hjá Skógræktar- og landverndarfélaginu undir Jökli og á skógræktarsvæðinu í Ólafsvík, hjá Skógræktarfélagi Ólafsvíkur. Á myndinni má sjá fjögur þeirra, Nicolo frá Ítalíu, Zuzana frá Tékklandi og þau Ewa og Karol frá Póllandi njóta skjólsins í Opna skóginum í Tröð. Þótt skógurinn þar sé ekki beint sá stærsti á landinu



er hann alveg nógu stór til að veita skjól í hádegismatnum. (Mynd: Jón Ásgeir Jónsson).

Barnahornið

Á MYNDUNUM ERU TÍU ATRIÐI EKKI EINS Á BÁÐUM MYNDUNUM. FINNIÐ ÖLL TÍU!

